

**98. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
14. febrúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Sameiginlegur fundur bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og umhverfiráðs og velferðar- mannréttindaráðs haldinn í Tónbergi vegna kynningu starfshóps um framtíðarskipulag Jaðarsbakka og Velferðarstefnu Vesturlands.

Á fundinum kynnir starfshópur um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum stöðu vinnunnar sem er á lokastigi og lokaskýrsla væntanleg á næstunni. Auk framangreinda sitja fundinn ýmsir gestir sem komið hafa að vinnunni svo sem hönnuður mannvirkjanna og fulltrúi Mannvits sem leggur fram kostnaðargreiningu þeirra áfanga sem gerð er tillaga um í uppbyggingarfasanum.

Að lokinni kynningu starfshóps er til kynningar drög að umsögn Akraneskaupstaðar um Velferðarstefnu Vesturlands.

Fyrir tekið:

1. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum

Kynning starfshóps um tillögu að framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Um er að ræða sameiginlegan dagskrárlið bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og umhverfiráðs og velferðar- og mannréttindaráðs sem fer fram í Tónbergi.

Sandra vísar af fundi kl. 10:10

2. 1901121 - Velferðarstefna Vesturlands

Drög að umsögn um Velferðarstefna Vesturlands.

Drög að umsögn velferðarstefnu Vesturlands lögð fram til umræðu á sameiginlegum dagskrárlið bæjarráðs, velferðar- og mannréttindaráðs, skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfiráðs sem fer fram í Tónbergi.

Samþykkt að vinna áfram sameiginlega að umsögninni og leggja hana fyrir á bæjarstjórn þann 26. febrúar næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Ragnar Sæmundsson
Sandra M. Sigurjónsdóttir
Bára Daðadóttir